# Dómsskjöl um afréttarland í Fóelluvötnum 1890-1892. Nýbýli í Lækjarbotnslandi 1865-1868

Aðfnr. 1367, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Landamerkjalýsing

á afréttarlandi Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurbæar.–

Samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882 1. gr. lýsir undirskrifuð hreppsnefnd og bæjarstjórn, landamerkjum afréttarlands síns eptir því sem hún veit réttast og sannast.

Fyrst að norðvestanverðu úr svokölluðu hraunsnefi, neðanvert við Lækjarbotnaland, og svo eptir hraunhólum þeim sem liggja úr hraunsnefinu, beint norður í á, og svo ræður áin allt uppí álfthaga- (eða nálthaga-) vatn, og svo eptir því vatni miðju, þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan álfthagann og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni, svo úr henni neðan til við uppsprettu hennar, eptir árfarvegi og í aðalfossvallaána, þar sem hún fellur niður úr gljúfrinu fram af heiðarbrúninni, svo ræður sú á sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Trölluvötn, allt upp fyrir norðan ás þann,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er skilur efri- og neðri-vötn, þaðan eru merkin áfram-
hald með sömu heiði upp á farveginn sem liggur
sunnan undir Litlafelli, og eptir þeim farveg
austur og uppí Sýslumörk. —

Lambastöðum og Reykjavík 16. septemb. 1890

Ingjaldur Sigurðsson     Halldór Daníelsson
hreppsnefndar oddviti

Merkjalýsingu þessa get eg ekki samþykkt
staddur í Ártúni 17. Sept 1890

Guðm. Magnússon

No 3
Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 10/6 1891
Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framlagt á sáttafundi að Gufunesi þ. 15 okt. 1890 Nr. Nr. 1.

Ólafur Stephensen



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur